

Fimmtudaginn 25. september 1986.

Nr. 152/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sveinbirni Sverrissyni

(Örn Clausen hrl.)

Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 20. mars 1986 áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar. Ákærði hafði eigi óskað áfrýjunar.

Fébotakröfur þær sem dæmdar voru í héraði verða eigi teknar til meðferðar í Hæstarétti þar sem þess hefur eigi verið óskað, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði hefur framið þau brot sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsí-ákvæða í héraðsdómi. Ákærði var einungis 15 og 16 ára að aldri er hann framdi brotin. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að á þessu ári hefur hann með tveimur ákærum, útgefnum 12. mars og 24. september, verið saksóttur fyrir samtals 28 þjófnaðarbrot og þjófnaðartilraunir og eru þau mál enn ódæmd. Fallast verður á að eigi hafi verið rétt að dæma ákærða óskilorðsbundna refsingu, og þykir eins og hér stendur á rétt að látið verði sitja við þá úrlausn héraðsdómara að fresta ákvörðun um refsingu ákærða.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinbjörn Sverrisson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 17. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi, á hendur Sveinbirni Sverrissyni, Melasíðu 4 f, Akureyri, fæddum í Reykjavík 18. júní 1969:

A. Með ákæru útgefinni 23. október 1985 fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum framin á árinu 1985:

1.

Að kvöldi fimmtudagsins 10. janúar brotist inn í Sundlaug Kópavogs og stolið þar um 2.500 krónum.

2.

Um miðnættið aðfaranótt föstudagsins 11. janúar brotist í þjófnaðarskyni inn í kjallara hússins nr. 14 við Vesturgötu í Reykjavík en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

3.

Um miðnættið aðfaranótt þriðjudagsins 15. janúar brotist inn í Þjóðkirkjuna í Hafnarfirði og stolið þar um 2.000 krónum úr söfnunarbaukum.

4.

Aðfaranótt miðvikudagsins 16. janúar brotist inn í húsnæði Bílaþjónustunnar, Hafnarbraut 21 - 23, Kópavogi, og stolið þar nokkrum flöskum af gosdrykk, um 20 stykkjum af súkkulaðikexi og 2.000 krónum.

5.

Framangreinda nótt brotist inn í prentsmiðju G. Benediktsson, Nýbýlavegi 40, Kópavogi, og stolið þar 980 krónum.

6.

Miðvikudagskvöldið 30. janúar brotist inn í skrifstofur Sjólastöðvarinnar við Óseyrarbraut í Hafnarfirði og stolið þar um 15.600 krónum.

7.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði Vita- og hafnarmálastjóra, Kársnesbraut 58 - 60, Kópavogi, og stolið þar 2.000 krónur.

8.

Aðfaranótt fimmtudagsins 31. janúar brotist inn í Fossvogskirkju og stolið þar 1.000 krónum.

9.

Aðfaranótt föstudagsins 1. febrúar brotist inn í Mosfellsbakarí, Urðarholti 3, Mosfellshreppi, og stolið þar um 1.500 krónum.

Telst háttsemin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 nema háttsemin í ákærulið 2, sem varðar við sömu gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

10.

Framangreinda nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina G-20158 við Lágholt 21, Mosfellshreppi, í félagi við ósakhæfan pilt sem ók bifreiðinni til Keflavíkur og síðan til Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna sbr. lög nr. 20, 1956.

11.

Laugardagskvöldið 9. febrúar brotist inn í áhaldahús Vita- og hafnar-málastjóra á Kársnesbraut í Kópavogi og stolið þar um 800 krónum.

12.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar brotist inn í Kópavogskirkju, rótað þar í hirslum í leit að fjármunum og stolið um 500 krónum úr söfnunarbaukum.

13.

Framangreinda nótt brotist inn í félagsheimili knattspyrnufélagsins Vals við Hlíðarenda í Reykjavík og stolið þar um 1.000 krónum og smávægis af sælgæti.

Telst háttsemin í liðum 11 - 13 varða við 244. gr. hegningarlaganna.

14.

Framangreinda nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina G-4121 við Lágholt 1, Mosfellshreppi, og ekið henni til Reykjavíkur og um götur þar og síðan til Kópavogs þar sem akstrinum lauk við Urðarbraut 41.

15.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði bílaleigunnar Ás, Skógarhlíð 12, Reykjavík, og tekið þar bíllykla, sem hann síðan notaði árangurslaust við að gangsetja bifreiðar á athafnasvæði fyrirtækisins, í því skyni að aka þeim af vettvangi.

Telst háttsemin í liðum 14 og 15 varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna og í lið 15 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

16.

Framangreinda nótt brotið í þjófnaðarskyni upp hurð í myndbandaleigunni Myndbandalaginu í Mosfellshreppi, en horfið af vettvangi er viðvör-unarkerfi fyrirtækisins fór í gang.

17.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Landleiða hf., Skógarhlíð 10, Reykjavík, og stolið þar þrem lyklakippum og leðurjakka.

Telst háttsemi í liðum 16 og 17 varða við 244. gr. hegningarlaganna og í lið 16 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

18.

Aðfaranótt mánudagsins 11. febrúar tekið í heimildarleysi bifreiðina Y-7341 við Túnhvamm 4 í Hafnarfirði, í félagi við K og einn ósakhæfan pilt Óku þeir bifreiðinni til skiptis til Sandgerðis og aftur til Reykjavíkur þar sem þeir yfirgáfu bifreiðina á bílastæði við Iðnaðarbankann í Lækjargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna.

19

Framangreinda nótt brotist inn í skrifstofur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, Vesturgötu 11 -13, Hafnarfirði, í félagi við sömu pilta, og stolið þar myndavél.

20.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði Bílapjónustunnar, Hafnarbraut 21, Kópavogi, ásamt sömu piltum, og stolið þar um 1.000 krónum og 7 vindlingapökkum.

21.

Aðfaranótt þriðjudagsins 12. febrúar brotist inn í hraðfrystihúsið Sjófang, Hólmaslóð 2, Reykjavík, ásamt sömu piltum, rótað þar í hirslum í leit að fjármunum og stolið tveim kveikjurum og hníf.

22.

Framangreinda nótt brotist ásamt sömu piltum inn í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, Reykjavík, og stolið þar um 1.000 krónum.

Telst háttsemi ákærða í liðum 19 - 22 varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Ennfremur: B. Með ákæruskjali útgefnu 13. nóvember 1985 fyrir eftirgreind brot gegn umferðarlögum og almennum hegningarlögum framin í júlí 1985 í félagi við ósakhæfan pilt.

I.

Fyrir þjófnað með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 23. júlí, brotist inn í húsnæði Heyrnleysingjaskólans við Leynimýri í Reykjavík og stolið þar að minnsta kosti 2.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Sömu nótt tekið í heimildarleysi í Kópavogi bifreiðina Y-20 í félagi við ofangreindan pilt og ekið henni til skiptis við hann, án ökuréttinda, áleiðis norður um land uns bifreiðin varð bensínlaus við Hvalstöðina í Hvalfirði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna sbr. lög nr. 20, 1956.

III.

Aðfaranótt miðvikudagsins 24. júlí brotist inn í trésmiðjuna Haga hf. Óseyri 4, Akureyri, og stolið þar 47.900 krónum úr litlum peningakassa.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

IV.

Brotist sömu nótt í þjófnaðarskyni inn í verkstæði Aðalgeirs og Viðars við Furuveli á Akureyri en horfið af vettvangi eftir leit að fjármunum.

V.

Brotist sömu nótt í þjófnaðarskyni inn í Prentverk Odds Björnssonar, Tryggvabraut 18 - 20 á Akureyri en horfið af vettvangi eftir leit að fjármunum.

Telst þetta varða við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

VI.

Sömu nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina A-9983 við Langholt 12 á Akureyri og ekið henni áleiðis til Reykjavíkur uns bifreiðin varð bensínlaus við Þelamerkurskóla í Hörgárdal. Tekið þar í heimildarleysi bifreiðina A-9269 og ekið henni til skiptis við ofangreindan pilt til Akraness.

Telst þetta varða við sömu lagaákvæði og háttsemin samkvæmt lið II.

Sömu nótt stolið peningaveski með 1.400 krónum úr bifreiðinni A-9269. Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

A.1.

Hinn 10. janúar 1985 kl. 22:55 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Sundlaug Kópavogs. Við könnun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að brotnar höfðu verið tvær millihurðir og nokkrar skemmdir unnar á þeim. Af skrifstofu forstöðumanns var talið að stolið hefði verið samtals kr. 2.520.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu tveir piltar að hafa framið framangreindan verknað og var annar þeirra ákærði í máli þessu, en hinn T, fæddur ... 1971. Skýrði ákærði svo frá að T hefði stungið upp á því að þeir færu inn. Hafi hann verið til í það og taldi að klukkan hefði þá verið um 22:00. Nánar skýrir ákærði svo frá: „Við klifruðum yfir tréverk. Ég tók kúst. Það var þínu brotið úr glugga og sló ég það úr. T fór með hendina inn og opnaði hurðarlæsing. Þetta er hurðin sem gengið er úm er farið er úr lauginni, niður í sturtarnar. Við spörkuðum upp tveimr innihurðum og fann T peninga sem gætu hafa verið 2.520,00. Við skiptum þeim á milli okkar.“ T skýrði á sama hátt frá atvikum og ákærði.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dómi.

A.2.

Hinn 11. janúar 1985 kl. 00:55 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um að tveir piltar væru að brjótast inn í húsið við Vesturgötu 14. Er lögreglan kom á staðinn kom í ljós að búið var að brjóta spjald í kjallarahurð á norðurhlið hússins og þar innan dyra voru þeir Sveinbjörn, ákærði í máli þessu og áður nefndur T handteknir.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu ákærði og téður T framangreint innbrot og skýrði ákærði svo frá að þeir T hefðu farið út um kl. 22:00 á fimmtudagskvöldið. Þeir hafi tekið strætó í bæinn frá skiptistöðinni. Þeir hafi farið til að brjótast einhvers staðar inn. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við gengum um bæinn til að leita okkur að stað. Við gengum hjá Hallgrímskirkju og við fórum niður Laugaveg og niður á torg en þaðan gengum við þessa götu (Vesturgötu) og leist mér vel á Vesturgötu 14 R. Við ætluðum að reyna að komast upp og í sjoppuna til rakarans. Ég tók stóran stein og kastaði honum í kjallarahurð. T tók svo steinin og kastaði líka. Spörkuðum við síðan í hana og skriðum inn um op á henni en það var spjald í hurðinni sem við

brutum. Við höfðum ekki verið inni nema 1 - 2 mínútur þegar lögreglan handtók okkur þar.“ T skýrði á sama hátt frá atburðinum.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.3.

Þann 15. janúar 1985 kl. 16:15 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um að brotist hefði verið inn í Þjóðkirkjuna þar á staðnum. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að búið var að rífa upp níu söfnunarbauka frá Hjálparstofnun kirkjunnar, sem höfðu verið geymdir í skáp, sem var læstur. Skápurinn hafði verið tekinn frá vegg og bakhlið hans rifin upp og baukarnir þannig náðst. Talið var að stolið hefði verið einhverju af peningaseðlum, en smámynt var skilin eftir á gólfinu.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu ákærði og áðurnefndur T að hafa framið umræddan verknað. Skýrði ákærði svo frá, að nokkrum dögum fyrir yfirheyrsluna hefðu þeir farið þarna inn um miðnættið. Hefðu þeir farið inn um opinn glugga og þá komið inn á klósett. Hafi þeir þurft að slíta stormjárn til að komast inn um gluggann. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við byrjuðum á því að hvíla okkur er við vorum komnir inn. Fórum við svo að leita að einhverju fémætu. Við sáum gamlan skáp. Hann var læstur og fórum við að velta honum. Losuðum við svo bakið úr honum en í honum voru nokkrir söfnunarbaukar. Tókum við peningana úr þeim og voru það um 2.000 krónur.“ T lýsti atvikum á sama veg og ákærði.

Ákærði hefur staðfest framangreinda skýrslu sína hér fyrir dóminum.

A.4.

Hinn 16. janúar 1985 kl. 13:05 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Bílaþjónustunni Hafnarbraut 21 - 23, Kópavogi. Við könnun lögreglumanna kom í ljós að brotin hafði verið rúða á austurhlið hússins með því að kasta í gegnum hana steini og hafði sjáanlega verið farið þar inn. Stunginn hafði verið upp peningakassi í afgreiðslu og tekin úr honum skiptimynt, kr. 2.000 að talið var, auk þess smávegis af sælgæti. Annað hafði ekki verið tekið svo séð yrði.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 15. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði að vera valdur að framangreindum verknaði ásamt áðurnefndum T, sem einnig viðurkenndi verknaðinn við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 19. júní 1985. Skýrði ákærði svo frá, að þeir T hefðu verið þarna á ferðinni og minnti hann, að hann hefði brotið rúðu með því að kasta í gegnum hana steini. Nánar skýrði ákærði svo frá: „T stakk upp peningakassa og það getur vel verið að það hafi verið í honum 2.000 kr. en mér finnst að það hafi verið minna. Við tókum með okkur

eitthvað af sælgæti, Mars, Prince pólo og eitthvað af gosi.“ Framburður T var mjög á sama veg.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dóminum.

A.5.

Hinn 16. janúar 1985 kl. 08:00 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í Prentstofu G. Benediktssonar, Nýbýlavegi 30, Kópavogi. Við könnun á staðnum kom í ljós að farið hafði verið inn um glugga á fundarherbergi með því að spenna upp lausafagsglugga og brjóta stormjárníð. Rótað hafði verið til í skrifstofunni, skúffur dregnar út og skáphurðir opnaðar. Ekki var saknað neins af skrifstofunni. Á hæðinni fyrir ofan er vinnusalur og þar í afgreiðslunni höfðu verið teknar kr. 280 úr umslagi. Á fyrstu hæðinni var farið í fataskápa starfsfólksins og tekið þar úr buxnavasa kr. 700.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndi ákærði ásamt T að hafa verið valdir að framangreindum verknaði. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu farið þarna inn, því þeir hafi séð að gluggi var opinn. Hafi þeir skrúfað stormjárníð í sundur. Hafi þeir farið inn um gluggann og komið inn í einhverja fundarstofu. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við tókum 300 krónur úr einhverju umslagi og 800 kr. úr buxnavasa. Við rótuðum lítilla í skúffum er við vorum að leita að peningum en skemmdum ekkert.“ Framburður T var mjög á sama veg nema hann kvað þá hafa fundið 700 kr. í buxnavasa og 280 kr. í umslagi annars staðar.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dómi.

A.6.

Þann 30. janúar 1985 kl. 22:31 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í Sjólastöðina hf. Óseyrarbraut 5 - 7, Hafnarfirði. Lögreglumenn fóru á staðinn og við könnun þeirra kom í ljós að rúða til hliðar við dyr aðalinngangs hafði verið brotin og þannig hægt að ná til læsingar hurðarinnar. Hurð á skrifstofu efri hæðar hafði verið sparkað upp og hafði dyrastafur klofnað lamamegin. Áður hafði verið reynt að spenna hurðina upp með jární. Rótað hafði verið til á skrifstofunni og skúffur dregnar út. Farið hafði verið inn á aðra skrifstofu til vinstri og þar spennt upp hurð á eldtraustum skáp. Hurðin var skemmd eftir verkfæri sem notuð höfðu verið. Úr skápnum hafði verið tekinn peningakassi og hann spenntur upp. Úr launaumslögum voru teknar kr. fjögur eða fimm þúsund að álitíð var en ónotuð tékkhefti látin vera.

Rannsókn lögreglumanna leiddi til þess að ákærði og T voru yfirheyrðir af rannsóknarlögreglu þann 4. febrúar 1985 og viðurkenndu þeir að hafa framið framangreindan verknað. Kvaðst ákærði hafa brotist inn í Sjóla-

stöðina við Óseyrarbraut í Hafnarfirði ásamt T. Hafi þeir verið á flakki í Hafnarfirði. Þegar þeir hafi verið staddir á Óseyrarbraut hafi sú hugmynd komið upp að brjótast inn og hafi verið ákveðið að brjótast inn í það hús sem áður greinir. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum að útidyráhurð hússins sem snýr út í portið og rúða, sem var við hliðina á útidyráhurð, var brotin með grjóti. Þegar búið var að brjóta þessa rúðu var hægt að teygja hendina í sneril á hurðinni. Þegar búið var að opna útidyráhurð fórum við báðir inn. Við fórum síðan upp á efri hæð þar sem skrifstofur eru staðsettar og til þess að komast þar inn spörkuðum við upp hurðinni. Þarna inni á skrifstofunni rótuðum við í hirslum án þess að taka nokkuð. Við fórum síðan inn á aðra skrifstofu þar sem T fann skjalatösku sem hann opnaði og tók peninga sem voru ca 15.000.- krónur. Ég fann þarna peningaskáp sem ég opnaði og notaði við það verkfæri sem voru þarna á staðnum. Úr þessum peningaskáp tók ég ca 600.- krónur en skildi annað eftir.“ T skýrði á sama hátt frá atvikum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína.

A.7.

Hinn 30. janúar 1985 kl. 06:57 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í skrifstofu Vita- og hafnarmálastofnunar við Kársnesbraut í Kópavogi. Við skoðun lögreglumanna á staðnum kom í ljós, að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga á snyrtingu á jarðhæð hússins. Stormjárn gluggans höfðu verið skrófuð sundur og síðan farið inn um gluggann. Brotin hafði verið upp hurð að matsal starfsmanna og stolið um kr. 2.000.- að því er talið var, úr mótuneytissjóði. Þá hafði og verið farið inn í símaherbergi og skrifstofur og ýmsu rótað þar til en engu stolið þar eða skemmdir unnar.

Þeir ákærði og T viðurkenndu fyrir rannsóknarlögreglu að hafa framið framangreindan verknað og við yfirheyrslu 15. febrúar 1985 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins skýrði ákærði svo frá: „Ég braut rúðuna en við T vorum þarna tveir saman. Þetta var klósettgluggi niðri og fórum við inn um hann. Við rótuðum pínu á skrifstofunum en brutum svo upp hurð að matsalnum og stálum skiptimyntinni þar. Það getur hafa verið um 2.000,00.“ Framburður T hjá rannsóknarlögreglunni er mjög á sama veg, en hann taldi að þeir hefðu ekki fundið nema 7 - 800.- krónur.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.8.

Hinn 31. janúar 1985 kl. 08:50 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í Fossvogskirkju, Reykjavík, nóttina áður. Lögreglumenn fóru á staðinn. Í ljós kom að skrúfað hafði verið sundur stormjárn á opnanlegum

glugga á suðurhlið bálstofu við kirkjuna og þar farið inn. Farið hafði verið inn á skrifstofu útfararstjóra og inn í tvö herbergi presta. Rótað hafði verið í skrifborðsskúffum á skrifstofunni og í herbergjum. Í geymsluaðstöðu hafði verið opnað duftker og hurð brotin af litlum skáp. Farið hafði verið um líkhús og hurðir að kapelli spenntar upp en litlar skemmdir orðið á hurðunum. Farið virtist hafa verið um kapelluna og niður í kjallara, en engar skemmdir unnar þar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa verið þarna að verki í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá: „T skrúfaði glugga úr og opnaði, ég fór inn um hann og opnaði hurð fyrir hann. Við leituðum að peningum inni og rótuðum í skrifborði og fundum seðlaveski. Í því voru 1.000 krónur og tókum við þær.“ Framburðu T var á sama veg.

Ákærði hefur staðfest framangreinda skýrslu sína hér fyrir dóminum.

A.9.

Þann 1. febrúar 1985 kl. 16:40 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað þá nóttina áður í Mosfellsbakari, Urðarholti 2, Mosfellssveit. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga. Þá hafði stormjárn gluggans verið slitið sundur og þarna farið inn. Brotin hafði verið upp hurð að skrifstofu í risi hússins og þar mikið rótað til og m.a. peningaskápur færður fram á gólf. Ekki voru sjáanlegar skemmdir á öðru en glugganum og skrifstofuhurðinni. Talið var að um 2.000,00 krónur hefðu verið teknar í peningakassa á afgreiðsluborði bakarísins og einnig hvítar smekkbuxur úr fatahengi starfsmanna.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreindan verknað í umrætt sinn. Skýrði ákærði svo frá: „Ég braut rúðu og við skriðum inn. Fengum við okkur að éta og tókum peningana úr peningakassanum niðri. Það voru um 1.500 kr. Fórum við svo upp og brutum upp hurð til að komast á skrifstofu. Ég tók hvítar smekkbuxur og skildi þær svo seinna eftir í Löðunni.“ Framburður T var mjög á sama veg, en hann taldi þá hafa tekið 900.-krónur í skiptimynt eða meira.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dómi.

A.10.

Þann 1. febrúar 1985 kl. 08:54 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt að bifreiðinni G-20158, Lada Sport 1984, hefði verið stolið frá Lágholti 21, Mosfellssveit, um kvöldið eða nóttina áður. Síðar þennan dag eða kl. 14:15 fannst bifreiðin á staði bak við Hafnarhúsið í Reykjavík. Við yfirheyrslu

hjá rannsóknarlögreglunni 12. og 13. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið umræddri bifreið í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá að þeir T hefðu tekið jeppann sömu nótt og þeir brutust inn í vélsmíðjuna í Hafnarfirði. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við tókum okkur leigubíl upp í Mosfellssveit í þeim tilgangi að stela okkur bíl þar. Fyrir utan hús stóð græn Lada sport og voru bíllyklarnir í svissinum. Við keyrðum bílinn til skiptis. Fórum við í Aðalstöðina í Keflavík og fengum okkur að éta. Við fórum inn í Voga við Vatnsleysuströnd og lékum okkur þar á bílnum. Fórum við síðan í bæinn og skildum bílinn eftir niðri á höfn, rétt hjá þar sem Akraborgin stoppar.“ Framburður T var á sama veg og framburður ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína.

A.11.

Hinn 9. febrúar 1985 kl. 23:45 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í áhaldahús Vita- og hafnarmálastjóra v/Kársnesbraut, Kópavogi. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotnar höfðu verið þrjár rúður í gluggum og farið inn. Fljótt á litið varð ekki séð að neinu hefði verið stolið en rótað hafði verið í herbergjum og á lager.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 15. febrúar 1985 og 19. júní 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá: „Við T vorum þarna á ferð. Við brutum glugga en ég teygði hendi inn og opnaði. Við fundum strax skiptimynt því við vissum hvar hún var. Hún var í matsalnum. Það voru um 800 krónur. Við rótuðum eitthvað pínu í herbergjum í leit að peningum.“ Framburður T var mjög á sama veg nema hann sagði að þeir hefðu enga peninga fundið.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.12.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 11:10 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í Kópavogskirkju nóttina á undan. Við rannsókn lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotinn hafði verið upp opnanlegur gluggi á norðurhlíð og farið þar inn, farið í skrudhús og rótað í skrifborði. Einnig rótað til í skrifborði á skrifstofu og þaðan tekinn söfnunarbaukur úr pappa með einhverju af smápeningum í. Á sönglofti hafði verið tekin svört skjalataska með ýmsum pappírnum, en ekki verðmætum, sem þjófur gæti nýtt.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 13. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu verið tveir saman hann og T. Hefðu þeir spennt upp glugga sem þeir hefðu farið inn um áður. Inni á skrifstofu hafi þeir fundið einn söfnunarbauk og hafi þeir stolið úr honum. Í honum hafi

verið 400 - 500 krónur. Þeir hafi síðan gengið út um dyr og ekki skemmt neitt nema e.t.v. gluggann lítilega sem þeir fóru inn um. Framburður T var á sama veg, en hann taldi að um hefði verið að ræða ca 500 - 600 krónur sem þeir tóku úr bauknum.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.13.

Hinn 10. febrúar 1985 kl. 10:16 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Valsheimilið við Hlíðarenda. Við könnun lögreglumannanna kom í ljós að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga á vesturhlið með því að kasta steini í gegn og þar hafði verið farið inn. Talið var að stolið hefði verið 2 - 3.000.00 krónum úr afgreiðslukassa í sjoppu. Ennfremur að eitthvert sælgæti hefði verið tekið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreindan verknað. Ákærði skýrði svo frá: „Við brutum glugga með steini og fórum inn um hann. Þá komum við inn á gang. Fórum við síðan í sjoppuna og fórum inn um afgreiðslulúguna. Það var vont sælgæti þarna og tókum við ekki mikið. Við nenntum ekki að vera að taka þetta allt og átum bara þangað til við vorum saddir. Ég fékk mér eina Malt og eina Sinalco og T svipað. Það voru engar sigarettur þarna. T tók sjampó og sprautaði yfir sælgætið til að leika sér. Við fundum um 1.000 kr. í skiptimynt í peningakassanum. Við skiptum því á milli okkar.“ Framburður T var á sama veg, en hann taldi að skiptimyntin í kassanum hefði verið 600 - 700 krónur sem þeir tóku.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.14.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 05:15 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í húsið Lágholt 1, Mosfellssveit og þjófnað á bifreiðinni G-4121 þaðan. Við könnun lögreglunnar kom í ljós að farið hafði verið inn um opinn glugga í um tveggja metra hæð frá jörðu, en glugginn var á þvottahúsi til vinstri við anddyri hússins. Til þessa hafði verið lagt vörubretti upp við húsvegginn og þannig hafði viðkomandi komist upp í gluggann. Í forstofu hússins var skápur á veggnum þar sem geymdir voru ýmsir lyklar, þar á meðal bíllyklar að G-4121. Hafði ein lyklakippa verið tekin þar sem á voru m.a. lyklar að Barnaskólanum í Mosfellssveit og lykill að G-4121. Lögreglan í Kópavogi fann bifreiðina G-4121 síðar um daginn eða um kl. 15:36 þar sem hún stóð á Urðarbraut á móts við hús nr. 41 við Kópavogsbraut.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið framangreindri bifreið, G-4121 í greint

sinn. Skýrði ákærði svo frá, að hann og T hafi tekið leigubíl við Hlemm á miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar 1985 og farið með honum upp í Mosfellssveit í þeim tilgangi að ná í bíl. Nánar skýrir hann svo frá: „Við létum setja okkur úr bílnum hjá Kaupfélaginu. Ég sá lausa hurð í Myndbandalaginu og sparkaði ég henni upp. Þegar ég fór inn fór þjófabjalla í gang og hlupum við í burtu og földum okkur í grjóti. Það kom einhver bíll, ekki lögreglubíll, en með stórt ljós uppi á toppi. Við stukkum þá yfir garða og földum okkur í gróðurhúsi. Við opnuðum nokkra bíla til að athuga hvort við fyndum bíllykla í þeim. Við komum svo að Saab fyrir utan hús. T sá opinn glugga í húsinu og skreið inn um hann til að leita að bíllyklum inni. Hann fann þá ekki og kom út aftur. Kom hann með lykla að Audi. Við ýttum þá Saabinum frá bílskúrnum, opnuðum bílskúrinn, sem var ólæstur, og ókum burt í Audi bílnum. Ég keyrði fyrst en T tók seinna við. Keyrðum við til Reykjavíkur og út á Seltjarnarnesið og rúntuðum þannig um stund. Keyrðum við síðan í Kópavog og skildum bílinn eftir við gatnamótin Kópavogsbraut og líklega Urðarbraut. Klukkan var þá 06:00 og fórum við inn á Unglingaheimili.“ T skýrði á sama hátt frá atvikum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.15.

Hinn 10. febrúar 1985 kl. 11:10 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot í Bílaleiguna Ás, Skógarhlíð 12, Reykjavík, nóttina áður. Við könnun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að plokkaðir höfðu verið listar frá rúðu á vesturhlíð hússins og farið þar inn. Gramsað hafði verið í skúffum í skrifborði og tekin tvö tékkhefti upp á borðið en ekki hafði verið tekið neitt blað úr þeim. Útfyllt hafði verið eitt tékkablað í öðru heftinu en það ekki rifið úr. Ekki var talið að neitt hefði horfið nema lyklar að bifreið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot í téð skipti. Skýrði ákærði svo frá: „Við losuðum gluggann úr eða tókum glerið úr í heilu lagi. T fór inn og opnaði fyrir mig. Við þurftum ekki að sparka upp neinni hurð til að komast um og fórum við inn á skrifstofuna en fundum ekkert nema ávísanahefti. Ég, eða við, skrifuðum eina ávísun en skildum hana svo eftir og hættum við að taka hana. Við ætluðum að taka bíl og tókum bíllykla en þeir pössuðu ekki að neinum bíl og hentum við þeim einhvern tímann löngu seinna en ég gleymdi þeim í vasanum. Við fundum enga peninga.“ Framburður T var í meginatriðum á sama veg.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.16.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 03:00 tilkynnti fyrirtækið Securitas lögreglunni í Hafnarfirði um innbrot í Myndbandalagið við Bjarkarholt í Mosfellssveit. Við skoðun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að hliðarhurð við aðalinn-gang í húsið hafði verið sparkað upp og farið inn í afgreiðsluna. Var búið að negla hurðina aftur er lögreglan kom á staðinn, en karmur hennar hafði brotnað.

Ákærði og T viðurkenndu fyrir rannsóknarlögreglu að hafa framið framangreint innbrot, samanber framburð ákærða undir lið A. 14 hér að framan, en T var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni 14. febrúar 1985 og var framburður hans á sömu lund og framburður ákærða.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dómi.

A.17.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 11:24 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað að Skógarhlíð 10, Reykjavík, þá nóttina áður, en Landleiðir hf. voru þar til húsa. Við rannsókn lögreglunnar kom í ljós að opnaður hafði verið gluggi á vesturhlið hússins, en gluggi þessi hafði verið illa lokaður og auðvelt að opna hann. Komið er þá inn í sal sem notaður er til að þrifa stóra bíla og úr honum er innangengt í lítið herbergi. Þar hafði rúða verið tekin úr sem er milli þessa herbergis og viðgerðarverk-stæðis þar sem margir rútubílar voru inni. Úr bifreið frá Landleiðum var stolið brúnum leðurjakka. Þá hafði einnig verið stolið þremur lyklakippum frá Norðurleið.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá: „Það var opinn gluggi þarna og við fórum inn um hann. Við fórum inn á eina skrifstofu og fundum ekkert. Við þurftum að mөлva glugga til að komast inn á aðra skrifstofu og gerðum við það en reyndum fyrst að losa hann. T tók leðurjakka en henti honum fyrir utan. Við heyrðum í bíl fyrir utan, kíktum út og sáu að hann var mannlaus. Forðuðum við okkur þá í burtu.“ Framburður T var samhljóða framburði ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.18.

Þann 11. febrúar 1985 kl. 08:00 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt að stolið hefði verið bifreið frá Túnhvammi 4, Hafnarfirði, nóttina á undan. Um var að ræða bifreiðina Y-7341 af gerðinni Datsun Cherry, árgerð 1982. Um kl. 09:27 fannst bifreiðin við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði við Strandgötu og reyndist hún mikið skemmd.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. og 15. febrúar 1985 og 5. júní 1985 viðurkenndu ákærði, T og K að hafa stolið framangreindri bifreið í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá: „Við tókum lítinn rauðan bíl sem var með lyklunum í fyrir utan bílskúr við hús. Við keyrðum bílinn allir til skiptis. Fórum við á honum til Sandgerðis. Þar stálum við Cortinu, en ég veit ekki nákvæmlega hvar hún var. Datsuninn var svo lítill og vont að sitja afturí svo við sátum allir frammí en það var þröngt um okkur og þess vegna ætluðum við að hafa Cortinuna líka. ... Við skiluðum Datsuninum upp að Iðnaðarbanka í Hafnarfirði.“ Framburðir T og K eru mjög á sama veg og framburður ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

Það athugast að í ákæruskjali er ákærði ásamt framangreindum félögum sínum talinn hafa ekið bifreiðinni frá Sandgerði til Reykjavíkur og yfirgefið hana þar á bifreiðastæði við Iðnaðarbankann í Lækjargötu, en samkvæmt gögnum málsins óku þeir bifreiðinni til Hafnarfjarðar og skildu hana þar eftir á bifreiðastæði við Iðnaðarbankann þar á Strandgötu.

A.19.

Þann 11. febrúar 1985 kl. 08:18 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í hús Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar við Vesturgötu. Við könnun lögreglu kom í ljós, að farið hafði verið inn í húsið með því að brjóta rúðu í útidyráhurð á suðurhlið þess, en þessi hurð er fyrir vélasal. Úr þessum vélasal er síðan greið leið um allt húsið. Farið hafði verið eftir stiga upp á efstu hæð þar sem skrifstofa Ríkismats sjávarafurða er til húsa á norðurhlið. Sparkað hafði verið upp hurðinni á skrifstofunni og rótað hafði verið í hirslum þar. Álitid var að tveim myndavélum hefði verið stolið, önnur af gerðinni Polaroid og hin af gerðinni SX-70.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 12. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði framangreint innbrot ásamt T og K. Skýrði ákærði svo frá: „Við vorum á flakki í Reykjavík þegar við ákváðum að fara til Hafnarfjarðar til þess að brjótast þar inn. Til þess að komast til Hafnarfjarðar fórum við gangandi. Þegar við komum suður eftir var ákveðið að brjótast inn í frystihúsið og til þess að komast inn var gluggi á suðurhlið á útidyráhurð brotinn, en þessi gluggi snýr að sjónum. Þegar búið var að brjóta þennan glugga, sem T gerði, fórum við allir inn. Þegar við komum inn í húsið þar sem vélasalur er staðsettur, var farið fram á ganginn og eftir stiganum upp á efri hæð. Þar uppi á hæðinni brutum við upp hurð á skrifstofu og þar inni rötudum við í hirslum og tók T þar myndavél, en ég veit ekki hvort eitthvað annað var tekið þar, en ég tók ekkert sjálfur. Þegar við fórum síðan aftur niður mætti ég konu sem var að mæta til vinnu og

þá urðum við hræddir og forðuðum okkur út úr húsinu út um aðal útidyrarhurð.“ Framburður T og K er í meginatriðum samhljóða framburði ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

A.20

Þann 11. febrúar 1985 kl. 13:20 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í húsakynni Bílaþjónustunnar, Hafnarbraut 21, Kópavogi. Við skoðun lögreglumanna á vettvangi kom í ljós að farið hafði verið inn um glugga á vesturhlið hússins þar sem krossviðarplata hafði verið brotin úr. Þá hafði verið spenntur upp peningakassi á lager og talið var að úr honum hefðu horfið ca 3.000 til 6.000 krónur. Þá var talið að horfið hefðu 10 pakkar af sígarettum.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12., 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði ásamt T og K að hafa framið umræddan verknað í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá, að sunnudaginn 10. febrúar milli kl. 21:00 og 22:00 hefðu þeir þrír byrjað á því að brjótast inn í verkstæði í Kópavogi, en það var í verksmiðjuhverfi í vesturbænum. Nánar skýrði ákærði svo frá: T braut spjald úr glugga og fórum við allir þar inn um. Við fundum skiptimynt og sígarettur og skiptum við því á milli okkar. Ég fékk í minn hlut rúmlega 300 krónur og tvo sígarettupakka.“ Framburður þeirra K og T var mjög á sama veg og framburður ákærða. K taldi að þeir hefðu fundið u.þ.b. 1.000 krónur í skiptimynt, en T taldi að um 800 krónur í peningum hefði verið að ræða. Báðir töldu þeir að þeir hefðu stolið 7 sígarettupökkum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.21

Þann 12. febrúar 1985 kl. 07:45 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í frystihúsið Sjófang, Örfirisey. Við könnun lögreglu á staðnum kom í ljós að farið hafði verið inn um opnanlegan glugga á suðurhlið hússins á fyrstu hæð. Greið leið var síðan upp á efri hæð þar sem skrifstofa fyrirtækisins er til húsa í suðausturenda hússins. Til þess að komast inn á skrifstofuna hafði viðkomandi sparkað upp hurðinni svo hún hafði rifnað frá dyrakarmi. Rótað hafði verið mikið í hirslum og skjölum kastað á gólf. Í fljótu bragði varð ekki séð að neinu hefði verið stolið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 12. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði T og K að hafa framið framangreint innbrot í greint skipti. Skýrði ákærði svo frá: „Við vorum að flakka um götur Reykjavíkur þegar við ákváðum að fara út í Örfirisey og brjótast þar inn í frystihús. Við komum að húsi þar sem Sjófang er til húsa og þar ákváðum við að brjótast

inn. Við fundum síðan opinn opnanlegan glugga á jarðhæð og var ákveðið að fara þar inn og fór T fyrstur. Þegar við vorum allir komnir inn fórum við af 1. hæð upp á 2. hæð þar sem skrifstofur eru staðsettar. Til þess að komast inn á skrifstofur spörkuðum við upp hurðinni sem er fyrir skrifstofuhúsnæðinu og rifnaði hurðin frá dyrakarmi og féll á gólfið. Þegar við komum svo inn á skrifstofu var rótað til í hirslum í leit að peningum eða öðru verðmætu. Við tókum ekkert þarna á staðnum og fórum því aftur niður á 1. hæð og út um útidyrhurð þar. “ Framburður þeirra K og T var mjög á sama veg, en K kvaðst hafa tekið 2 kveikjara og Sveinbjörn hefði tekið 1 hnif.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt þjófnaðinn og staðfest framburð sinn að öðru leyti.

A.22.

Hinn 12. febrúar 1985 kl. 08:20 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, Reykjavík. Við rannsókn lögreglumanna á staðnum varð ekki séð hvernig innbrotsmenn hefðu komist inn í húsið, en innanhúss hafði millihurð að barnadeild verið brotin upp og reynt við aðra. Læsing hafði verið tætt úr hurð í kjallara og stórskemmd. Einnig hafði hurð að mæðradeild verið sparkað upp og skemmd. Farið hafði verið í skápa uppi og skúffur og talið að þar hefðu verið teknir master lykklar að millihurðum hússins uppi og um 100 - 200 krónur. Brotinn hafði verið upp hespulás og rennihurð spennt upp í kjallara.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 13. febrúar og 19. júní 1985 viðurkenndu ákærði, K og T að hafa framið framangreindan verknað í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu um kl. 15:00 farið inn í Heilsuverndarstöðina. Þar hafi verið fullt af fólki og hafi þeir byrjað á því að fara í kjallarann og enginn orðið var við það. T hafi opnað einhverja rennihurð og þeir hafi lagt sig þar inni á dýnur sem voru á gólfinu. Síðan hafi þeir sofið þar til kl. 23:00, en þá hafi allir verið farnir úr húsinu. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Þá fórum við að leita að peningum. Við brutum upp nokkrar hurðir. T tætti læsingu með vasahnífi, af hurð í kjallaranum. Ég reyndi að fá hann ofan af því. Við fundum 800 kr. og tvær ávísanir í kjallaranum. Þær voru báðar 100 kall hvor. Skiptum við þessu á milli okkar. Við fundum lykla niðri og það var annaðhvort K eða T sem tók þá. Okkur vantaði lykla að útidyrhurðinni til að komast út. Við fundum lykil með plastspjaldi áföstu og stóð á því „Útidyrhurð“. Við gengum svo í átt að Laugavegi og strákarnir hentu lyklunum einhvers staðar þarna stutt frá sjoppu en ég tók ekki nákvæmlega eftir því þegar

þeir gerðu það.“ Framburðir T og K voru efnislega samhljóða framburð ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.I.

Hinn 23. júlí 1985 kl. 11:15 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot í Heyrnleysingjaskólann við Leynimýri í Reykjavík aðfaranótt 23. júlí. Við könnun á staðnum kom í ljós að spenntur hafði verið upp stór gluggi á austurhlið hússins. Einnig hafði verið spenntur upp gluggi á norðurhlið á skrifstofu skólastjóra og þar farið inn. Ennfremur þriðji glugginn á norðurhlið á kennarastofu. Á skrifstofu skólastjóra höfðu verið spenntar upp læstar hurðir á skáp og rótað þar. Einnig farið í aðrar hirslur, svo sem skápa og skrifborð, en einskis var saknað þaðan. Þá hafði verið spennt upp skrifborðsskúffa á skrifstofu skólans og læstur peningakassi. Ekki var talið að neinu hefði verið stolið.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akureyri þann 25. júlí 1985 viðurkenndi ákærði að vera valdur að framangreindu innbroti og skýrði nánar svo frá, að þeir (sic) hefðu gengið frá Reykjavík í átt að Kópavogi á mánudagskvöldi. Á leiðinni hafi þeir farið framhjá Heyrnleysingjaskólanum rétt við Fossvogskirkju. Þar hafi þeir séð opinn glugga á jarðhæð skólans og ákveðið í sameiningu að fara þar inn, sem þeir hafi síðan gert. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum um allan skólann en skemmdum ekki neitt, nema peningabauk sem við fundum þarna inni. Þarna inni stálum við 2-3.000 kr. í seðlum, mest hundrað króna seðlum. Mig minnir að peningar þessir hafi verið í umslagi í peningabauknum sem við skemmdum.“ Framburður T er efnislega á sömu lund.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.II.

Sömu nótt og að framan greinir var bifreiðinni Y-20 stolið úr Kópavogi. Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akureyri þann 25. júlí 1985 að hafa framið þann verknað ásamt T. Skýrði ákærði svo frá, að eftir að þeir yfirgáfu Heyrnleysingjaskólann hafi þeir farið inn í Kópavog þar sem þeir hafi fundið rauða Lada station bifreið með straumlyklunum í. Hafi hún staðið í einhverju nýbyggingahverfi. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við ákváðum að taka þennan bíl og settumst inn í hann og T gangsetti hann og ók af stað í átt til Akureyrar, en er við komum upp í Mosfellssveit skiptum við og ég tók við akstrinum. Mig minnir að kl. hafi verið um 02:00 er við fórum inn í Heyrnleysingjaskólann og um 05:00 á þriðjudagsmorguninn er við tókum Lada bílinn í Kópavogi. Ég ók svo bifreiðinni langleiðina upp í Hvalfjörð, en þá tók T aftur við. Við Hvalstöðina í Hvalfirði bilaði svo bensínjöfin á bifreiðinni. Reyndum við að gera við hana og tókst það

en T missti svo bifreiðina út fyrir veginn svo að við komum henni ekki upp á veginn aftur. Við skildum svo bifreiðina eftir þarna í Hvalfirðinum og þá hefur klukkan líklega verið um 07:00 á þriðjudagsmorguninn.“ Framburður T var efnislega samhljóða framburði ákærða, en ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B.III.

Miðvikudaginn 24. júlí 1985 kl. 15:38 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt að brotist hefði verið inn í Trésmíðjuna Haga, Óseyri 4 á Akureyri þá nóttina áður. Við rannsókn á staðnum virtist hafa verið farið inn um glugga á austurálmu hússins. Fataskápar starfsfólks höfðu verið opnaðir, þá hafði peningaskápur í herbergi syðst í suðurálmum verið opnaður og teknar þar ca 40.000 krónur úr ólæstum peningakassa sem var inni í honum. Einungis hafði reiðufé verið tekið úr kassanum en ávisanahefti, ávisanir og smápeningar skilið eftir.

Ákærði og T viðurkenndu í yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa framið framangreint innbrot og skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu um miðnætti verið staddir úti á Óseyri. Hafi þeir þá veitt athygli opnum glugga á einni byggingunni sem þar er. Þeir hafi síðan ákveðið í sameiningu að fara þarna inn og gert það með því að skriða inn um gluggann. Hafi þeir þurft að reisa upp fleka sem þarna voru til þess að ná upp í gluggann. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum svo inn um allt húsið og fundum peningaskáp þar inni. T tókst að spenna hann upp með skrúfjárn. Inni í skápnum fundum við svo lítinn peningakassa sem var opinn. Úr honum tókum við kr. 48.000 í seðlum, mest eitt þúsund króna seðlar. Ávisanir og ávisanahefti sem þarna var létum við svo vera.“ Framburður T er efnislega samhljóða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.IV.

Þann 24. júlí 1985 var tilkynnt á lögreglustöðina á Akureyri að brotist hefði verið inn á Trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars við Furuvelli 5. Við rannsókn á staðnum kom í ljós að hurð hafði verið brotin upp með því að stinga upp skrána og sparka síðan í hana, en hurð þessi lá að lager verkstæðisins. Ekki varð í fljótu bragði séð að neinu hefði verið stolið. Ekki varð séð hvernig komist hefði verið inn í húsið.

Ákærði og T hafa viðurkennt framangreindan verknað í yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði svo frá, að áður en þeir brutust inn í hús Haga á Óseyri, sem að framan er getið, hafi þeir farið niður í Furuvelli, þar sem þeir hafi farið inn á Trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars. Þeir hafi farið þar inn með því að skrúfa úr glugga á klósetti sem er á jarðhæð.

Hafi T átt hugmyndina að því. Þar inni hafi þeir engu stolið en þeir hafi leitað að verðmætum um allt húsið.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína og T hefur skýrt frá atvikum efnislega á sama hátt hjá lögreglu.

B.V.

Þann 24. júlí 1985 kl. 08:10 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að brotist hefði verið inn í fyrirtækið Prentverk Odds Björnssonar, Tryggva-braut 18 - 20 Akureyri þá nóttina áður. Við skoðun á staðnum kom í ljós að búið var að brjóta loftræstirist sem er fast við dyr að kyndiklefa hússins. Einnig var búið að brjóta loftræstirist að dyrum í geymslu í kjallara hússins. Hægt var að teygja höndina í gegnum gatið og opna þannig hurðirnar. Í fljótu bragði varð ekki séð að neinu hefði verið stolið.

Ákærði og T viðurkenndu í yfirheyrslu hjá lögreglu, að hafa framið verknað þennan. Ákærði skýrði svo frá, að eftir að þeir félagar hefðu yfirgefið trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars hefðu þeir farið inn í annað hús sem er þar rétt hjá. Það hafi þeir gert með því að brjóta loftræstiristar sem voru í kjallaranum. Þeir hefðu síðan getað opnað dyrnar með því að teygja hendurnar inn um götin á ristunum. Þeir hafi ekki komist lengra inn í húsið en í geymslu og einhvern kyndiklefa í kjallara. Þeir hafi ekkert tekið þarna og ekkert skemmt nema ristarnar. Framburður T er efnislega samhljóða.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B.VI.

Þann 24. júlí 1985 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að bifreiðinni A-9983 hefði verið stolið þá nóttina áður frá Langholti 12 á Akureyri. Sama dag var lögreglunni tilkynnt að bifreiðinni A-9269 hefði verið stolið frá Þelamerkurskóla sömu nótt. Þennan sama dag fannst bifreiðin A-9983 á bifreiðastæði sunnan við skólahús Þelamerkurskóla í Hörgárdal. Daginn eftir eða 25. júlí fannst bifreiðin A-9269 við afgreiðslu Akraborgar á Akranesi.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið framangreindum bifreiðum í téð sinn og skýrði ákærði svo frá, að þegar þeir voru búnir að brjótast inn á Óseyri hefðu þeir farið gangandi heim til sín. Á leiðinni hafi þeir séð græna Lada fólksbifreið og séð að straumláskyklarnir voru í henni. Þeir hafi ákveðið að stela bifreiðinni og fara á henni til Reykjavíkur og hafi T átt hugmyndina að því. Þeir hafi síðan fyrst farið gangandi heim til ákærða þar sem þeir hefðu fengið sér að borða. Síðan hafi þeir farið aftur til baka að bifreiðinni, en þá hafi klukkan verið á milli 02:00 og 03:00. Þeir hafi farið upp í bifreiðina og ekið af stað rakleiðis

út úr bænum í átt til Reykjavíkur. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Er við vorum komnir að Þelamerkurskóla rétt norðan Akureyrar var Ladan sem við vorum á að verða bensínlaus. Við stoppuðum þá við skólann og ákváðum í sameiningu að reyna að taka annan bíl. Þarna við skólann fundum við svo Subaru station bíl með lyklunum í. Tók svo af stað á Subaru bílnum í átt til Reykjavíkur. Ég tók svo við akstrinum í Varmahlíð og ók til Blönduóss en þá tók T aftur við og ók til Borgarfjarðar þar sem ég tók aftur á ný við og ók síðustu leiðina til Akraness, en þar skildum við bílinn eftir þar sem Akraborgin fer til Reykjavíkur.

Framburður T er efnislega samhljóða framburði ákærða, en ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B. VII.

Sama dag og að framan greinir var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að farið hefði verið inn í tvær bifreiðar sem staðið hefðu á túni sunnan við Þelamerkurskóla. Önnur bifreiðin var A-7734 og var talið að úr henni hefði horfið peningaveski með u.þ.b. 1.500 krónum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndu ákærði og T að hafa farið inn í téða bifreið og stolið umræddu peningaveski. Skýrði ákærði svo frá fyrir lögreglu, að er þeir voru staddir við Þelamerkurskóla hafi T tekið veski, brúnt venjulegt seðlaveski úr einhverri bifreið. Í veski þessu hafi verið u.þ.b. 1.200 - 1.300 krónur. T skýrði efnislega eins frá og ákærði. Hann taldi að í veskinu hefðu verið á milli 1.000 og 2.000 krónur.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykja brot ákærða nægjanlega sönnuð eins og þeim er í ákærum lýst og varða þau við þargreind lagaákvæði.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1985 á Akureyri. Uppvís að brotum g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 5/9 1985.
- 1985 03.10. á Akureyri. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mán. frá 3/10 1985.

Rétt þykir, einkum með hliðsjón af aldri ákærða, að fresta ákvörðun um refsingu hans skilorðsbundið, þannig að hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Í málinu hafa komið fram eftirtaldar bótakröfur:

1. Frá Rósu Randversdóttur, Þelamerkurskóla, Eyjafirði kr. 1.400,00.
2. Frá Haga hf., Akureyri kr. 37.900,00.

Kröfum þessum er eigi andmælt af hálfu ákærða og ber að dæma hann til greiðslu þeirra ásamt dómvöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja til greiðsludags. Auk framangreindra bótakrafna hafa komið fram nokkrar bótakröfur frá ýmsum aðilum í Hveragerði sem ákærði hefur viðurkennt að hafa framið (sic). Þar sem ákærði hefur ekki verið ákærður fyrir brot þessi verður eigi um þessar kröfur fjallað í þessu máli. Að lokum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sveinbjörns Sverrissonar, er frestað og fellur niður að liðnum tveim árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði Rósu Randversdóttur kr. 1.400,00 og Haga hf. kr. 37.900,00, hvort tveggja ásamt dómvöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.